



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 9. september 2015

Niðurstöður athugunar á tilteknum þáttum í aðgerðum Kortþjónustunnar hf. gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Í lok maí 2015 hóf Fjármálaeftirlitið athugun hjá Kortþjónustunni. Athugunin beindist að tilteknum þáttum í aðgerðum félagsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006. Í athuguninni var lögð sérstök áhersla á tilkynningu um tilnefndan ábyrgðarmann, þjálfun starfsmanna, tilkynningar vegna gruns um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, innri reglur, verklag og ferla í tengslum við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Niðurstöður lágu fyrir í september 2015 og byggja á upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma.

Af þeim upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og miðað við þá þætti sem teknir voru til athugunar er það mat Fjármálaeftirlitsins að aðgerðir Kortþjónustunnar fullnægi almennt þeim kröfum sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, með síðari breytingum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim og leiðbeinandi tilmælum nr. 5/2014.